

01 Kennitala launamanns	Vinnulaun þ.m.t. orlofsfé, greiðslur launþ. í lífeyrissjóð, eftirlaun o.fl.	02	16 Ökutækjastyrkur	73 Par af undanþ. staðgr.	19 Sjúkradagpeningar
Frádráttarbært iðgjald í lífeyrissjóð – 4% iðgjald í sampykktan lífeyrissjóð. (Sjá bakhlið)	03	05 Par af vegna sjómennsku sem veitir rétt til sjómannaafsláttar	17 Dagpeningar	74 Par af undanþ. staðgr.	21 Greiðslur úr lífeyrissjóði
08 Númer lífeyrissjóðs	28 Húsnæðishlunnindi	06 Greiðslur til verkata og verkstæða fyrir efni og vinnu	27 Fatalhlunnindi	60 Bifreiðahlunnindi	33 Fæðishlunnindi
Pessi reitur fyllist út af ríkisskattstjóra			Greið lífeyrissjóði í sérsjóð (hámark 4% iðgjald)	63 Iðgjöld	64 Númer sérsjóðs
07 Nafn-heimili-póststöð launþega			30 Launagreiðandi-kennitala-heimili		
83 Ráðningartími sjómanna – dagafjöldi	85		87 Fjöldi lögskráðra daga/úthaldsdaga/greiddra veikindadaga	88	
			Greiðslur eða hlunnindi, ótalín áður; hvaða?		
Samtölur skv. sundurliðun á staðgreiðslu RSK 5.06					
70 Launafjárhæð	71 Afdregin staðgreiðsla				

RSK 2.01 21-12-2011 · ODDI HF. · 20.000Eindregið er mælt með því að launamiðum sé skilað rafrænt á þjónustusíðu ríkisskattstjóra www.skattur.is

Leiðbeiningar um útfyllingu einstakra reita á launamiða

- 01 Kennitala launþega skal undantekningarlaust tilgreind á launamiða.**
- 02 Vinnulaun:** Til vinnulauna teljast allar tegundir launa eða þóknana, greidd eða ógreidd, sem launþegi fær fyrir starf sem hann innir af hendi á ábyrgð launagreiðanda. Sama er hverju nafni laun nefnast eða í hvaða formi þau eru eða í hverju endurgjaldið fyrir unnið verk er fólgð ef það verður talið til peninga. (Metin fæðishlunnindi skal færa í reit 33 og bifreiðahlunnindi í reit 60 sbr. skýringar við þá reiti. Styrki til líkamsræktar og heilsueflingar skal færa í reit 82, með viðeigandi texta, eða í reit 61 eftir atvikum).
- Til vinnulauna teljast einnig ákvæðislaun, biðlaun, nefndarlaun, eftirlaun, launauppbætur, staðaruppbætur, orlofsfé og greiðslur fyrir ótekið orlof. Ennfremur verkfæragjald eða verkfærapeningar, fatapeningar og þess háttar greiðslur, flutningspeningar eða greiðsla fargjalda milli heimilis og vinnustaðar, hvort sem framangreindar greiðslur eru reiknaðar sem hundraðshlut launa eða á annan hátt, landgöngufé, mistalningsfé, risnufé og endurskoðunarlaun kjörinna manna. Einig skal hér færa fæðispeninga sem launþegi fékk greidda hjá vinnuveitanda sínum, þar með taldir fæðispeningar greiddir í orlofi eða veikindum og þegar skip er í heimahöfn.
- Í launamiðareit 210 skal færa þann hluta arðs sem talinn er sem laun, skv. 3. málslíð 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003.**
- Stjórnarlaun skal færa í launamiðareit 220.**
- Af ofangreindum greiðslum á að hafa verið tekin staðgreiðsla opinberra gjalda hafi greiðslur ekki verið undanþegnar staðgreiðslu skv. reglugerð nr. 591/1987.
- 05 Par af greitt v/sjómannsku:** Hér skal tilgreina laun vegna sjómannsku sem veita rétt til sjómannafsláttar, sbr. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 10/1992 um persónuafslátt og sjómannafslátt, og innifalin eru í launum í reit 02.
- 03 Greitt í lífeyrissjóð:** Í þennan reit skal færa iðgjald greitt í samþykktan lífeyrissjóð á árinu 2011, að hámarki 4% af launum.
- 08 Númer lífeyrissjóðs:** Í þennan reit skal færa númer þess lífeyrissjóðs sem greitt er í, sbr. reit nr. 03. Listi yfir númer lífeyrissjóða er á www.rsk.is/listi.
- 06 Heildargreiðslur til verktaka, með virðisaukaskatti:** Verktaki telst sá einstaklingur eða lögaðili sem skv. samningi, skriflegum eða munlegum, tekur að sér að vinna ákveðið verk eða að inna af hendi ákveðna þjónustu gegn endurgjaldi. Verktaki ber ábyrgð á verkinu og honum ber að standa skil á launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði vegna starfsemi sinnar. Aðili sem hefur menn í þjónustu sinni og greiðir þeim laun (launagreiðandi) ber aftur á móti ábyrgð á launatengdum gjöldum af launum þeirra.
- Gæta skal þess** að færa í þennan reit ekki aðeins greidda fjárhæð á árinu heldur fulla útgjaldafjárhæð sem stofnað hefur verið til á árinu. (Það sem kann að vera ógreitt færst til skuldar á framtali greiðanda).
- 63 Iðgjöld:** Í þennan reit skal færa iðgjald launamanns sem varið var til aukningar lífeyrisréttið á árinu 2011, að hámarki 4% af launum ársins. Gjaldið þarf að hafa verið greitt í lífeyrissjóð eða annan sjóð sem fellur undir 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.
- 64 Númer sérsjóðs:** Í þennan reit skal færa númer þess sjóðs sem viðbótariðgjald er greitt í, sbr. reit nr. 63. Listi yfir númer lífeyrissjóða er á www.rsk.is/listi.
- 16 Ökutækjastyrkur:** Allar greiðslur til launþega fyrir afnot af ökutæki hans skal færa í þennan reit, hvort sem þær miðast við fastákeðna fjárhæð á ári, ekna kilómetra, endurgreiðslu rekstrarkostnaðar eða eru ákvárdar að annan hátt.
- 73 Par af undanþ. staðgreiðslu:** Hér skal færa þá fjárhæð ökutækjastyrks sem ekki skal greidd af staðgreiðsla skatta, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.
- 17 Dagpeningar:** Hér skal tilgreina fjárhæð dagpeninga og annarra ferðapeninga greidda launþegum vegna ferða og námskeiða, svo og þjálfunar og eftirlitsstarfa á vegum vinnuveitanda. Ferðapeninga sem launþegi hefur fengið endurgreidda hjá vinnuveitanda sínum skv. kostnaðarrekningum frá priðja aðila skal ekki færa hér.
- 74 Par af undanþ. staðgreiðslu:** Hér skal færa þá fjárhæð dagpeninga sem ekki skal greidd af staðgreiðsla skatta, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu.
- 19 Sjúkradagpeningar:** Hér skal tilgreina greiðslur úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
- 21 Greiðslur úr lífeyrissjóði:** Hér skal færa greiðslur úr lífeyrissjóði. Eftirlaun frá launagreiðanda skal hins vegar færa í reit 02.
- 83 Ráðningartími manns með sjómannafslátt:** Hér skal færa fjölda ráðningardaga sjómanns hjá útgerð á tekjuárinu. Frídagur í landi skv. ákvæðum kjarasamninga teljast til ráðningardaga. Ónýttir orlofsdagar og aðrir frídagur á ráðningartíma, sem greiddir eru sérstaklega við lok ráðninga, teljast dagar til viðbótar við ráðningartíma. Til ráðningardaga telst ekki launalaust leyfi.
- 87 Lögskráningardagar / úthaldsdagar:** Hér skal færa lögskráða daga sjómanns á skip. Á þeim skipum sem ekki er skylt að lögskrá á, er miðað við úthaldsdaga

sjómanns. Úthaldsdagar eru allir almennir vinnudagar (mánudagar til föstudaga) á úthaldstíma. Hér skal til viðbótar færa fjölda greiddra veikindadaga launþega vegna veikinda eða slysa á ráðningartíma sjómanns. Læknisvottorð þarf að hafa verið lagt fram til útgerðar. Útgerð getur þurft að leggja slík læknisvottorð fram að kröfu ríkisskattstjóra. Hér skal einnig færa fjölda ráðningardaga hlutaráðins beitningarmanns í fullu starfi skv. skriflegum ráðningarsamningi.

Dagarnir skulu tilgreindir án framreiknings.

Ef hugbúnaður gerir ráð fyrir að dögum sé skipt á fyrri og síðari helming ársins má færa daga fyrir síðari hluta ársins í skyggða reiti nr. 85 vegna ráðningartíma og nr. 88 vegna lögskráðra daga/úthaldsda/greiddra veikingadaga.

Ýmsar greiðslur og hlunnindi í krónum talið

Á launamiða (jfajnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LS-færslu) skal tilgreina með viðeigandi tölum (kóða) og fjárhæð:

- 04 Hlutabréf á undirverði** (mismunur á gangverði og afhendingarverði).
- 09 Styrkir til náms, rannsóknar- og visindastarfa.**
- 26 Skattfrjáls verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.**
- 32 Skattskyld verðlaun, heiðurslaun og happdrættisvinningar.**
- 56 Endurgjald til höfunda eða rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmennir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða greiðslu fyrir afnot eða kaup. Greiðslur fyrir einkaleyfi, framleidiðslurétt, útgáfurétt og sérþekkingu.**
- 57 Verkfallsstyrkur.**
- 58 Björgunarlau.**
- 59 Skaðabætur og sambærilegt bótafæ greitt af launagreiðanda (t.d. vegna sjúkdóma, slysa, atvinnutaps eða launamississ).**
- 61 Styrkir og styrktarfé (úr hvers konar sjóðum opinberra stofnana, félagasamtaka, stéttarfélaga eða annarra aðila sem ekki falla undir kóða 09).**
- 62 Félagsleg aðstoð (frá sveitarfélögum).**
- 65 Leigutekjur.**
- 67 Húsaleigubætur.**
- 69 Skattskyldar greiðslur tryggingafélaga.**
- 72 Aðrar bætur og styrkir frá sveitarfélögum (sem ekki falla undir kóða 09, 59, 61 og 62).**
- 89 Óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga.**
- 210 Arður sem laun.**
- 220 Stjórnarlaun.**
- Á launamiða (jfajnt á pappírsmiða sem á tölvutæku formi í LA-færslu) skal alltaf tilgreina með viðeigandi tveggja stafa tölum (kóða), **ásamt frjálsum texta, sem skýrir eðli greiðslunnar**, og fjárhæð:
- 11 Endurgreiddur útlagður kostnaður.**
- 34 Önnur hlunnindi.**
- 82 Aðrar skattskyldar greiðslur.**
- 93 Aðrar skattfrjálsar greiðslur.**
- Önnur hlunnindi en bifreiða-, fata-, fæðis- eða húsnaðishlunnindi, sem áður voru sett í reit 29 á launamiða ásamt skýringu, skulu skv. ofangreindu kóduð 34. Aðrar skattskyldar greiðslur, ótaldar annars staðar, sem áður voru settar í reit 29 á launamiða ásamt skýringu, eru kódaðar 82. Skattmat vegna ýmissa greiðslna og hlunninda má nálgast á vefsetri RSK.
- 30 Launagreiðandi:** Tilgreina þarf fullt nafn, **kennitölu og heimilisfang launagreiðanda.**
- Ef um er að ræða einstaklingsfyrirtæki skal tilgreina nafn og kennitölu eiganda.**
- 27 Fatahlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð metinna fatahlunninda (fatnaður sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.
- 28 Húsnaðishlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð metinna húsnaðishlunninda (húsnaði sem launþegi fær án endurgjalds) samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.
- 33 Fæðishlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð metinna fæðishlunninda samkvæmt auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.
- 60 Bifreiðahlunnindi:** Hér skal færa fjárhæð bifreiðahlunninda sem metin hafa verið til tekná skv. auglýstu skattmati ríkisskattstjóra.
- 70 og 71 Sundurliðun á staðgreiðslu:** Í reit 70 skal færa samtölu úr sundurliðun á staðgreiðslu ársins samkvæmt skilagreinum RSK 5.06, **p.e. greiðslur sem staðgreiðsla hefur verið greidd af.** Í reit 71 skal færa afdregna staðgreiðslu samtals, samkvæmt skilagreinum RSK 5.06.